

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum (hjónaskilnaðir), þingskj. 364 - 321. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1991, með síðari breytingum (hjónaskilnaðir).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn umsögn um ofan nefnt frumvarp.

Barnaheill styðja ákvæði frumvarpsins og telja eðlilegt að það verði samþykkt sem lög.

Samtökin vilja við þetta tækifæri hvetja til þess að sérstaklega sé hugað að börnum hjóna sem ganga í gegnum skilnað og sérstaklega þegar ofbeldi hefur átt sér stað. Hjónaskilnaður er áfall fyrir barn sem getur haft alvarlegar afleiðingar á líf þess. Því ætti áfallahjálp að standa öllum börnum til boða gjaldfrjálst þega hjónaskilnaður er yfirvofandi og vitanlega einnig ef barn býr við heimilisofbeldi.

Það er sjálfsagt og eðlilegt að mati samtakanna að liðkað verði fyrir því að fólk geti fengið hjónaskilnað án mikilla hindrana. Ef komið er til þess að fólk vilji skilja þá hlýtur að vera orðinn forsendubrestur fyrir að viðhalda hjónabandi. Í nútímasamfélagi er engin ástæða fyrir ríkið að standa í vegi fyrir því ef fólk vill skilja.

Hins vegar er mikilvægt að fræðsla sé veitt foreldrum sem ætla sér að ganga úr hjónabandi um réttindi barna þeirra, um mikilvægi þess að barn verði fyrir sem minnstri röskun við skilnað og að barn eigi rétt á að njóta umönnunar og verndar ásamt því að það eigi rétt á að tjá skoðun sína um öll mál sem það varði.

Þegar heimilisofbeldi hefur átt sér stað þarf að líta svo á að barnið hafi einnig orðið fyrir ofbeldi og þá þarf að veita því viðunandi aðstoð og stuðning. Mikilvægt er að lög tryggi börnum þá þjónustu og að einhver sé gerður ábyrgur fyrir að veita börnum þá þjónustu, svo sem réttargæslumaður barns. Oft er það svo að foreldrar sem ganga í gegnum skilnað eru undir svo miklu álagi að þeir ráða ekki við að sinna öllum verkefnum sínum og barn getur orðið fyrir vanrækslu í slíkum aðstæðum. Sérstaklega á þetta við þegar foreldrar eru að slíta ofbeldissambandi og mikill ágreiningur ríkir. Við því verður að bregðast til að koma í veg fyrir að barn verði vanrækt. Mætti hugsa sér að sýslumanni yrði gerð sú skylda að tilnefna barni réttargæslumann eða talsmann við skilnað foreldra, eftir aðstæðum og alvarleika.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og leggja ríka áherslu á vernd gegn ofbeldi og vanrækslu. Börn sem búa við heimilisofbeldi eru alltaf þolendur ofbeldisins. Mikilvægt er að koma þeim til aðstoðar með virkum hætti, eins fljótt og auðið er.